



# VÍGSLUMÓT VÍSISVALLAR – GLOBAL CALENDAR MÓT

26.–28. júní 2026 • Hrollaugsstaðir í Suðursveit



Ungmennafélagið Vísir býður ykkur velkomin á Vígslumót Vísisvallar, nýs frjálsíþróttavallar við Hrollaugsstaði í Suðursveit, helgina 26.–28. júní 2026.

Mótið markar tímamót í íþróttasögu Suðursveitar og er fyrsta frjálsíþróttamótið á svæðinu með þátttöku keppenda utan USÚ. Mótið er haldið nákvæmlega einu ári frá fyrstu skóflustungu að nýjum frjálsíþróttavelli félagsins.

Það er sérstakt ánægjuefni að með þessu móti skapast möguleiki á að skrifa nýjan kafla í íþróttasögu Suðursveitar. Stefnt er að því að á mótinu verði sett fyrsta löglega Íslandsmetið sem náðst hefur í Suðursveit og eru keppendur hvattir til að nýta tækifærið og láta til sín taka á þessum sögulega viðburði.

En ekki er síður mikilvægt að mótið gefi keppendum á öllum aldri tækifæri til að reyna sig, bæta persónuleg met og njóta þess að taka þátt í skemmtilegri íþróttahátíð.

Vígsluhelgin hefst föstudaginn 26. júní kl. 13:00 með hátíðardagskrá í tilefni af Alþjóðlega Ólympíudeginum í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí). Þar gefst börnum og ungmennum tækifæri til að kynna fjölbreyttum íþróttagreinum og taka þátt í leikjum og hreyfingu við allra hæfi áður en sjálf frjálsíþróttakeppnin hefst um helgina.

## Dagskrá

### Föstudagur 26. júní – Alþjóðlegi Ólympíudagurinn

Í samstarfi við ÍSÍ verður haldið upp á Alþjóðlega Ólympíudaginn frá kl. 13:00–15:00. Þátttakendum verður skipt upp í hópa sem fara á milli stöðva og kynnst fjölbreyttum íþróttagreinum, leikjum og hreyfingu við allra hæfi.

## Laugardagur 27. júní og sunnudagur 28. júní – Frjálsíþróttamót

Keppni hefst kl. 10:00.

### Greinar eftir aldursflokkum

9 ára og yngri: 60 m hlaup, boltakast. Veitt verða þátttökuverðlaun fyrir alla keppendur.

10–11 ára piltar og stúlkur: 60 m hlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, spjótkast.

12–13 ára piltar og stúlkur: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, spjótkast, kringlukast.

14–15 ára piltar og stúlkur: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, langstökk, hástökk, þristökk, kúluvarp, spjótkast, kringlukast.

Fullorðinsflokkur: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, langstökk, hástökk, stangarstökk, þristökk, kúluvarp, spjótkast, kringlukast og sleggjukast.

Hjólástólakeppni: 60 m hjólástólasprettur.

### Fyrirkomulag

Keppendur keppa samkvæmt reglum FRÍ og World Athletics. Rafræn tímataka verður á mótinu og árangur skráður samkvæmt gildandi reglum. Endanlegur tímaseðill verður birtur eftir að skráningu lýkur. Keppendum er bent á að fylgjast með upplýsingum í mótakerfi Roster Athletics.

### Skráning og keppnisgjöld

Skráning fer fram í gegnum Roster Athletics á eftirfarandi slóð:

<https://meets.rosterathletics.com/public/competitions/details/registration?id=28836>

Keppnisgjald er 3.500 kr. fyrir hvern keppanda. Greiðsla fer fram við skráningu.

### Tjaldsvæði

Gjald fyrir hvert tjald eða ferðavagn er 3.000 kr. fyrir alla helgina. Rafmagn kostar 2.000 kr. til viðbótar. Skráning og greiðsla fyrir tjaldsvæði fer fram á sama stað og skráning á mótíð.

### Veitingar og afþreying

Kvenfélagið Ósk í Suðursveit verður með veitingasölu á mótssvæðinu. Boðið verður upp á grillaðar samlokur, kaffi, vöfflur og kökur fyrir keppendur, aðstandendur og gesti. Einnig verður boðið upp á hoppukastala og aðra afþreyingu fyrir yngstu gestina.

### Frekari upplýsingar

Bjarni Malmquist Jónsson • Sími: 661-4172